

Kennari	Daníel Freyr Jónsson	Sk.st.	DAN
---------	----------------------	--------	-----

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða helstu undirstöðuatriði málfræði, ritunar og framsagnar rifuð upp. Auk þess verður farið í helstu grunnhugtök í bókmenntum. Unnið verður markvisst að því að bæta lesskilning nemenda með lestri ýmiss konar texta og bókmenntaverka. Ritun verður æfð með markvissum hætti og farið í undirstöðuatriði í byggingu ritsmíða. Nemendur verða þjálfaðir í að nýta sér hjálpargögn s.s. tölvuorðabækur til að bæta og lagfæra eigin texta. Verkefni á Moodle sem tengjast bókmenntum. Nemendur vinna og kynna sum verkefni sín ýmist einir og/eða með öðrum.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnatriðum málfræðinnar, helstu reglum við ritun og notkun hjálpargagna
- grunnhugtökum í bókmenntum og ljóðagreiningu
- mikilvægum atriðum sem einkenna góða framsögn og umræður
- mikilvægi þess að búa að góðri lestrarfærni, t.d. góðum lesskilningi

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina hefðbundin ljóð með tilliti til myndmáls og bragfræði
- lesa sér til gagns og gamans skáld- og smásögur og greina inntak þeirra
- skrifa mismunandi gerðir texta og tjá sig munnlega og skriflega
- beita viðeigandi hjálpargögnum við frágang ritsmíða
- vinna fjölbreytt verkefni þar sem reynir m.a. á sköpun og frumkvæði

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla um inntak skáld- og smásagna og dýpka lesskilning sinn
- lesa og túlka texta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu
- nýta ritreglur og hjálpargögn við ritun og kynna og ræða eigin efni
- vinna skapandi verkefni, t.d. í tengslum við vinnu með texta nota viðeigandi hjálpargögn við frágang eigin texta

### Námsgögn:

Íslenska eitt. Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson. Útg. Mál og menning. Les- og vinnuhefti sem fæst á skrifstofu skólans.

**Íslenskugrunnur 2**  
**Upprifjunaráfangi í íslensku**  
**(ÍSLE1LB04)**  
**Námsáætlun (haustönn, 2021)**



Verkmenntaskólinn á Akureyri

**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
1. lota: 18.8. - 7.10	Kynning á áfanganum Farið í grunnatriði málfræði Fallbeyging og orðflokkar Greinarmerki	Skráning á Moodle - innritunarkill er: LB Les- og vinnuhefti bls. 1-24. Íslenska eitt bls. 145-155 og 129-135 Gagnvirkar æfingar, Kahoot og fl.	Stafsetningar- og málfræðiverkefni á Moodle - 25% Strákarnir með strípurnar á Moodle vikulega (hlustun og spurningar) 11% Miðannarpróf 25% í viku 40 Miðannarmat 7. október
2. lota: 8.10. - 3.12	Grunnatriði ritunar, ritgerð og framsögn Bókmenntahugtök og ljóðgreining	Íslenska eitt, bls. 30-43, 54-70 og 95-110, 109 Les- og vinnuhefti bls. 25-46	Framsagnarverkefni - 10% Ritunarverkefni - 14% Ljóðaverkefni - 15%

**Námsmat og vægi námsmatsþátta:**

Matsform:	Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lesskilningur	Lesskilningspróf úr <i>Strákarnir með strípurnar</i>	11%	
Ritun	Ýmis ritunarverkefni á Moodle	14%	
Stafsetning	Ýmis stafsetningarverkefni á Moodle	10%	
Málfræði	Ýmis málfræðiverkefni á Moodle	15%	
Miðannarpróf	Miðannarpróf (málfræði, lesskilningur og stafsetning)	25%	
Framsögn	Framsagnarverkefni	10%	
Ljóð	Ýmis ljóðaverkefni á Moodle	15%	
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**  
**Annað:** Námsmatsþættir í ritun, stafsetningu, málfræði, lesskilningi og ljóðum geta dreifst lengur yfir önnina.

**Birt með fyrirvara um breytingar.**

Dagsetning: 16/8 2021

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils